



Vatnajökulsþjóðgarður
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ
Vt: Magnús Guðmundsson

Gunnarsholti 18. desember 2019

Umsögn Landgræðslunnar um svæðið Vonarskarð m.t.t. umferðar vélknúinna ökutækja og annarra ferðaleiða

Umsögn þessi er unnin með vísan erindi Vatnajökulsþjóðgarðs dagsett 26. ágúst 2019 og undirritað af Heiðu Guðný Ásgeirsdóttur formanni svæðisráðs vestursvæðis þjóðgarðsins.

Með erindinu er óskað eftir að Landgræðslan vinni úttekt eða umsögn um svæðið Vonarskarð m.t.t. til umferðar vélknúinna ökutækja og annarra ferðaleiða á grunni fyrirbyggjandi gagna. Landgræðslan hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn um jarðveg- og gróðurfar í nágrenni Vonarskraðs, þ.e. á svæðinu milli Tungnafellsjökuls í vestri og Vatnajökuls í austri, Svarthöfða í suðri og Gjóstuklifs í norðri. málsins, og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum ákvæðum er lúta að gróðurvernd, stöðvun jarðvegseyðingar og uppgræðslu eyddra og vangróinna landa.

Landgræðslan bendir á að gróðurfar á svæðinu þolir lítið álag og afar örðugt getur reynst að lagfæra mögulegar skemmdir, bæði vegna stutts vaxtartímabils og staðbundins álags vegna jarðvegsrofs s.s. sandfoks og vatnsrofs í kjölfar leysinga.

Lítið er vitað um ferðaleiðir og umferð á Norðurhálandinu¹ og í raun æskilegt að afla frekari gagna um þróun umferðar og ferðavenjur á svæðinu sem um ræðir áður en opnað verður fyrir umferð ökutækja inn á það. Ekki er ólíklegt að umferðin verði meiri en áður en svæðinu var lokað í takti við ferðamannastraum til landsins síðan þá. Auk þess er ferðamennskan fjölbreyttari en áður og vaxandi ævintýraferðamennska. Því má gera ráð fyrir ófyrirséðum ágangi á viðkvæmum svæðum og í vistkerfi Vonarskarðs sem eru sérlega viðkvæm fyrir raski²


¹ Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2017). *Dreifing ferðamanna um landið. Talningar ferðamanna á áfangastöðum*. Reykjavík: Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands.

² Rögnvaldur Ólafsson, Þorvarður Árnason, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir. *Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði*. Reykjavík: Vatnajökulsþjóðgarður.

Einnig má gera ráð fyrir að opnunin í sjálfu sér veiki athygli og hafi aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Því er ekki síður mikilvægt að efla landvörslu á svæðinu til að treysta eftirlit og gæslu til að koma í veg fyrir landskemmdir vegna ferðamennsku. Jafnframt að tryggja að upplýsingar um viðkvæmni svæðisins berist ferðafólki með öllum tiltækum ráðum, og endurskoða og styrkja gönguleiðakerfi og áningastaði samhliða með hliðsjón af verndargildi svæðisins og hugsanlegri þróun ferðamennsku þar.

Landgræðslan er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar



Gústav Ásbjörnsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs